



Fréttabréf FFA - desember 2025

Opið hús miðvikudaginn 10. des. kl. 20. “Þú sem ert af jörðu”

Þar mætir Nína Ólafsdóttir rithöfundur sem var að gefa út sína fyrstu bók sem hefur fengið afar góða dóma

Ný og breytt heimasíða FFA fer í loftið í byrjun desember. Þar mun ferðaáætlun FFA 2026 birtast, viðburðir birtast svo smám saman og þá verður hægt að skrá sig í ferðir. Eins og gefur að skilja þegar ný heimasíða er birt þá er ýmislegt sem þarf að reyna á og biðjum við fólk að sýna okkur biðlund um að laga og betrumbæta.

Skíðaferðir 2026: Í febrúar, mars og apríl verða skíðaferðir FFA með sama fyrirkomulagi og síðustu tvö árin. Fyrirhugaðar ferðir verða birtar á heimasíðu FFA í janúar.

Fyrirhuguð eru tvö námskeið á utanbrautarskíðum!

Grunnnámskeið sem hefst í lok janúar og framhaldsnámskeið sem hefst eftir að grunnnámskeiði lýkur, þ.e. í febrúar.

Þetta verður auglýst nánar rétt fyrir jólin og þá hefst skráning

Tilvalin jólagjöf

Skrifstofa FFA verður lokuð 22. des. 2025 til 2. janúar 2026

Félagsaðild að FFA er Tilvalin jólagjöf

Sjá nánar á heimasíðu FFA

Árlegur félagsfundur FFA verður **5. janúar 2026 kl. 20.** Á félagsfundi gefst félögum innan FFA tækifæri til að hittast og spyrja og ræða við stjórn um það sem þeim liggur á hjarta.

Gleðileg jól!